

DV



STJÓRNARPIÐ

- 15.00 **Íþróttabátturinn.** Bein útsending frá leik FH og IA í Íslandsmótinu í knattspyrnu. Einnig verður sýnt frá rall-keppni og frjálsum íþróttum.
- 18.00 **Dvergariði (11)** (La Llamada de los Gnomos). Spænskur teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Þýðandi Sveinbjörn Sveinbjörnsson. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
- 18.25 **Bangsi** bestaskinn (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur, um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Leikraddir Örn Arnason.
- 18.50 **Táknmálfréttir.**
- 18.55 **Háskasliðir** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
- 19.30 **Hringsjá.** Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.
- 20.20 **Ærslabelgir** (Comedy Capers - The Freelander) - Aðskotadýrið. Stutt mynd frá tímum þöglu myndanna með Billy West og Oliver Hardy.
- 20.35 **Lottó.** Framhald
- 20.40 **Réttan á röngunni.** Gestapraut í sjónvarpsall. Í þessum þætti mætast keppendur frá Flugmálastjórn og KR. Umsjón Elísabet B. Þórisdóttir. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.
- 21.10 **Gleraugnaglámur** (Clarence). Nýr breskur gamanmyndaflokkur með Ronnie Barker í aðalhlutverki. Clarence er nærsýnn og seinheppinn flutningabílstjóri sem rektar oft illilega á hluti, en þegar hann rektar á hina fögru þjónustustúlku Jane Travis ætlar hann varla að trúa sínum eigin gleraugum. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
- 21.40 **Skilningstréð** (Kundskabens Træ). Dönsk blómmynd sem gerist í lok 6. áratugarins og fylgir nokkrum unglingum í gegnum gagnfræðaskóla. Leikstjóri Nils Malmros. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
- 23.25 **Kökainþrellinn** (Cocaine: One Man's Poison). Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1983. Leikstjóri Paul Wendkos. Aðalhlutverk Dennis Weaver, Karen Grassle og Pamela Bellwood. Það er farið að halla undan fæti hjá Eddie Gant sem hefur lífsvörðveri sitt af söluþessu. Til að standast álágð sem fylgir harðnandi samkeppni fer Eddie að nota kókain. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
- 01.05 **Útvarpsfréttir** í dagskrárlok.



- 9.00 **Með Beggu frænku.** Halló, krakkar! Í dag verðum við úti að gera eitthvað skemmtilegt saman. Kannski get ég farið í berjamó með ykkur. En við eigumst nýja vini í dag því ég ætla að sýna ykkur margar nýjar teiknimyndir eins og Ömmu, Villa, Grimms-ævintýri, Blöffarana, Snorkana og Óskaskóginn. Myndirnar eru allar með íslensku tali.
- 10.30 **Jógi.** Bandarísk teiknimynd.
- 10.55 **Hinir umbreyttu.** Bandarísk teiknimynd.
- 11.20 **Fjölskyldusögur.** Leikin barna- og unglingamynd.
- 12.05 **Ljáu mér eyra...** Við endursýnum þennan tónlistarþátt.
- 12.30 **Lagt í ann.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnu sunnudagskvöldi.
- 13.00 **Bankaríðið mikla.** The Great Georgia Bank Hoax. Lítt og skemmtileg mynd um sérkennilegt bankarín sem snýst heldur betur upp í hringavitleysu. Aðalhlutverk: Burgess Meredith, Ned Beatty og Charlene Dallas.
- 14.30 **Dauði ungbarna** Some Babies Die. Vegna fjölda áskorana er þessi þáttur endurtekinn. Bresk fræðslamynd um andvana fæðingur og ýmsar umdeildar kenningar þar að lítandi.
- 15.30 **Refskák.** Gambit. Fyrri hluti endurtekinnar þýskrar framhalds-kvikmyndar í tveimur hlutum. Ung blaðakona fær hóp nýnasista í lið með sér í þeim tilgangi að kúga stjórnmöld með hótunum um skemmdarverk í kjarnorkuveri.
- 17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason sjá um tveggja tíma fjölbreyttan íþróttabátt þar sem meðal annars verður sýnt frá ítölsku knattspyrnunni og innlendum íþróttavíðburðum.

- 19.19 **Fréttir** og fréttatengt efni, ásamt veður- og íþróttaréttum.
- 20.00 **Líf í tuskunum.** Rags to Riches. Líttur bandarískur framhalds-þáttur, upplagður fyrir alla fjölskylduna. Hann fjallar um milljónamæringinn Nick Foley og samskipti hans við allar sex mun-aðrarlausa stúlkurnar sem hann gengur í föður stað.
- 20.55 **O'Hara.** Spennandi bandarískur framhaldsmyndaflokkur. Aðalhlutverk: Pat Morita, Kevin Conroy, Jack Wallace, Catherine Keener og Richard Ygnuez.
- 21.45 **Reykur og bófi 3.** Smokey and the Bandit 3. Buford lögreglustjóri hefur ákveðið að setjast í helgan stein en þegar honum er boðin há peningaupphæð fyrir að flytja fiskfarm milli staða á aðeins einum sólarhring ákveður hann að slá til þó tímasetningin sé kröpp. Aðalhlutverk: Burt Reynolds, Veronica Gamba, Jackie Gleason og Paul Williams.
- 23.10 **Herskyldan.** Nam, Tour and Duty. Bandarísk spennuþáttaröð um herflokk í Vietnam. Aðalhlutverk: Terence Knox, Stephen Caffrey, Joshua Maurer og Ramon Franco.
- 0.00 **Velkomin til Örvastrandar.** Welcome to Arrow Beach. Jason Henry býr með systur sinni í strandhúsi í Kaliforníu. Hann vandist notkun fikniefna í Kóreu-stríðinu og hefur fíkn hans leitt til þess að með honum hafa þróaðst óhugnanlegar þarfir. Aðalhlutverk: Laurence Harvey, Joanna Pettet, John Ireland og Meg Foster. Leikstjóri: Laurence Harvey.
- 1.40 **Dagskrárlok**



Rás 1 FM 92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Arnfríður Guðmundsdóttir flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Góðan dag.** Góðir hlustendur. Pétur Pétursson sér um þáttinn. Fréttir á ensku kl. 7.30. Fréttir sagðar kl. 8.00, þá lesin dagskrá og veðurfregnir sagðar kl. 8.15.
- 9.00 **Fréttir.** Tilkygningar.
- 9.05 **Litli barnatíminn á laugardegi.** Laxabörnin eftir R.N. Stewart. Þýðing: Eyjólfur Eyjólfsson. Irpa Sjófn Gestsdóttir les (5). Einnig mun Hrafnhildur veiðikló koma í heimsókn og segja frá. Umsjón: Gunnvör Braga.
- 9.20 **Sigildir morguntónar.**
- 9.45 **Innlent fréttayfirlit vikunnar.**
- 10.00 **Fréttir.** Tilkygningar.
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.30 **Kona og kind.** smásaga eftir Steinunni Sigurðardóttur. Höfundur les.
- 11.00 **Tilkygningar.**
- 11.05 **Í liðinni viku.** Umsjón: Sigrún Stefánsdóttir.
- 12.00 **Tilkygningar.** Dagskrá.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkygningar.
- 13.00 **Hér og nú.** Fréttabáttur í vikulok. Tilkygningar.
- 13.30 **Á þjóðvegi eitt.** Sumarþáttur með fróðlegu ívafi. Lokarþáttur. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir og Hafsteinn Hafliðason.
- 15.00 **Þetta vil ég heyra.** Bergþóra Jónsdóttir ræðir við Messíonu Tómasdóttur sem velur tónlist að sínu skapi.
- 16.00 **Fréttir.** Tilkygningar. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.30 **Leikrit mánaðarins:** Hallsteinn og Dóra eftir Einar H. Kvaran. Leikstjóri: Haraldur Björnsson. Jón Viðar Jónsson flytur fæin formálsorð. Leikendur: Haraldur Björnsson, Þóra Borg, Gunnþórunn Halldórsdóttir, Friðfinnur Guðjónsson, Nina Sveinsdóttir, Sigrún Magnúsdóttir, Emelía Borg, Klemenz Jónsson og Guðbjörg Þorbjarnardóttir. (Einnig útvarpað annan sunnudag kl. 19.32) (Áður á dagskrá 1950.)
- 18.25 **Tónlist.** Tilkygningar.
- 18.45 **Veðurfregnir.** Tilkygningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkygningar.**
- 19.32 **Ábætur -**
- 20.00 **Sagan:** Búrið eftir Olgu Guðrúnu Arnadóttur. Höfundur les (5).
- 20.30 **Visur og þjóðlög.**
- 21.00 **Slegið á léttari strengi.** Inga Rósa Þórðardóttir tekur á móti gestum. (Frá Egilsstöðum)
- 21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Sigurjón Sæmundsson syngur íslensk og erlend lög. Róbert A. Ottósson og Fritz Weissappel leika með á plánu. (Hljóðritanir Útvarpsins.)
- 22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 **Veðurfregnir.**
- 22.20 **Dansað með harmóníkuunnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarps húsinu. (Áður útvarpað sl. vetur.) Kynir: Hermann Ragnar Stefánsson.
- 23.00 **Linudans.** Örn Ingi ræðir við hjónin Þórunni Bergsdóttur og Helga Þorsteinsson á Dalvík. (Frá Akureyri)
- 24.00 **Fréttir.**
- 00.10 **Svalitíð af og um tónlist undir**

svefninn. Jón Örn Marinósson kynir.

01.00 **Veðurfregnir.**

01.10 **Næturútlit** á báðum rásum til morguns.



- 8.10 **Á nýjum degi** með Péttri Grétarsyni.
- 10.03 **Nú er lag.** Gunnar Salvársson leikur tónlist og kynir dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Íþróttarásin.** Íþróttaréttamenn fylgjast með leikjum Vals og Þórs, FH og IA, IBK og Víkings, KA og Fylkis á Íslandsmótinu í 1. deild knattspyrnu karla og segja frá gangi leikja í annarri og þriðju deild.
- 17.00 **Fyrirmyndarlíf** lítur inn hjá Lisu Pálsdóttur.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.31 **Áfram íslend.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Kvöldtónar.**
- 22.07 **Sibyllan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Einnig útvarpað nk. föstudagskvöld á sama tíma.)
- 00.10 **Út á lífið.** Anna Björk Birgisdóttir/ Skúli Helgason bera kveður milli hlustenda og leika óskálög.
- 02.00 **Næturútlit** á báðum rásum til morguns. Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTLIT

- 02.00 **Fréttir.**
- 02.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við gest sem velur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á rá 1.)
- 03.00 **Róbótarokk.** Fréttir kl. 4.00.
- 04.30 **Veðurfregnir.**
- 04.35 **Næturútlit.**
- 05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 05.01 **Áfram íslend.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 06.01 **Ur gömlum belgjum.**
- 07.00 **Morgunpopp.**
- 07.30 **Fréttir á ensku.**



- 9.00 **Pétur Steinn Guðmundsson.** At-hyggisverðir og vel unnir þættir um allt milli himins og jarðar, víðtöl við merilegt fólk sem vert er að hlusta á.
- 13.00 **Íþróttadeildin** með nýjustu fréttir úr sportinu.
- 16.00 **Páll Þorsteinsson.** Nýjustu sveitalögin frá Bandaríkjunum leikin og eflaust heyrast þessi sigildu líka með.
- 18.00 **Ómannað ennþá.**
- 22.00 **Halþór Freyr Sigmundsson.** Strákurinn er búinn að dusta rykið af bestu diskómellum síðustu ára og spilar þau ásamt því að skila kveðjum til hlustenda. Síminn 61-11-11.
- 3.00 **Næturvakt Bylgjunnar.**



- 9.00 **Sigurður Helgi Hlíðversson.** Fjörvið tóninn. Nú er mál að linn. Það er ekki aftur snúið þegar Siggí byrjar. Brjáðslegra hress lög og alls kyns uppátæki. Ertu að bóna bilinn eða ryksuga íbúðina? Ef svo er spilar Siggí Hlíðversson réttu rónlistina sem þú vilt heyra.
- 13.00 **Kristófer Helgason.** Nú ættu allir að vera í góðu skapi og um að gera að biðja um uppháldslagið sitt eða senda afmælisveðju. Það er ýmislegt í gangi hjá Kristó. Síminn beint inn til Kristófers er 681900.
- 18.00 **Snorri Sturluson.** Ætlarðu út á lífið í kvöld? Ef svo er kemstu í rétta skapið því öll vinsælustu danslögin heyrirðu hjá Snorra.
- 22.00 **Halþór Freyr Sigmundsson** mættur á næturvaktina með allt á hreinu. Hafi flytur klístraðar kveður milli hlustenda og fær sjálfur að eiga 3% af öllum kveðjum. Síminn 611111.
- 3.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**



- 12.00 **FÁ.**
- 14.00 **FG.**
- 16.00 **IR.**
- 18.00 **MS.**
- 20.00 **MH.**
- 22.00 **FB.**

24.00 **Næturvakt Útásar.** Óskálög & kveður s: 680288.

4.00 **Dagskrárlok.**



- 7.00 **Felix Bergsson.**
- 12.00 **Steinninn Halldórs.**
- 15.00 **Á laugardegi.** Stefán Baxter og Nökkvi Svavarsson.
- 18.00 **Kiddi Bigfoot.** „Partí - ball.“
- 22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
- 3.00 **Nökkvi Svavarsson.**



- 10.00 **Plötusafnið mitt** Steinar Viktorsson.
- 12.00 **Míðbæjarsveifla.** Útlit Rót kannar mannlífið í míðbæ Reykjavíkur og leikur fjölbreytta tónlist að vanda.
- 15.00 **Al veltvangi baráttunnar.** Gömlu eða nýjum baráttumálum gerð skil.
- 17.00 **Dýpið.**
- 18.00 **Perlu fyrir svin.** Halldór Carlsson.
- 19.00 **Flogló stjórnaust.** Dami Ásbjarnarson.
- 20.00 **Fés.** Unglingabáttur í umsjón Árna Freys og Inga.
- 21.00 **Sibyllan** með Jóhannesi K. Kristjánssyni.
- 23.30 **Rótardraugar.**
- 24.00 **Næturvakt** með Arnari Þór Magnússyni.



- 5.00 **Poppþáttur.**
- 6.00 **Grínioján.** Barnaþættir.
- 10.00 **Íþróttabáttur.**
- 11.00 **Fjölbregðaglima.**
- 12.00 **Man, Beast, Myth or Monster.** Kvikmynd.
- 14.00 **Veröld Franks Bough.** Heimildarmyndaflokkur.
- 15.00 **50 vinsælustu lögin.**
- 16.00 **Litil kraftaverk.** Gamanþáttur.
- 16.30 **The Bionic Woman.** Spennumyndaflokkur.
- 17.30 **Those Amazing Animals.** Dýralífsþáttur.
- 18.30 **The Love Boat.** Gamanmyndaflokkur.
- 19.30 **Say One For Me.** Kvikmynd.
- 21.30 **Fjölbregðaglima.**
- 22.30 **Poppþáttur.**



- 13.00 **A Billion for Boris.**
- 15.00 **Wind in the Willows.**
- 17.00 **Barnum.**
- 19.00 **Tough Guys.**
- 21.00 **For Those I Loved, part 2.**
- 22.45 **She's Gotta Have It.**
- 00.30 **The Hitchhiker.**
- 01.00 **Dr. Goldfoot and the Bikini Machine.**
- 03.00 **Tough Guys.**



- 9.00 **Snóker.** Frá Heimsmeistarkeppninni í Sheffield.
- 10.00 **Hafnabolti.** Leikir úr amerísku deildinni.
- 11.00 **Rugby.** Ástralska deildin.
- 12.00 **Snóker.** Opna Ásiamótið.
- 13.00 **Frjálsar íþróttir.** Lokastigamótið í Monte Carlo.
- 16.00 **Snóker.** Opna Ásiamótið.
- 17.00 **Trans World Sport.** Fréttatengt úr íþróttabáttur.
- 18.00 **Blak.** Evrópukeppni kvenna í Hamborg.
- 19.00 **Kappakstur.** Frá Prag.
- 20.00 **Snóker.** Opna Ásiamótið.
- 21.00 **Golf.** Mellon Challenge í Engandi.
- 22.00 **Snóker.** Opna Ásiamótið.



- 5.00 **Teiknimyndir.**
- 9.00 **Tónlist og tíska.**
- 10.00 **Tourist Magazine.** Ferðabáttur.
- 10.30 **Tónlist og tíska.**
- 11.00 **Hollywood Insider.**
- 11.30 **Tónlist og tíska.**
- 12.00 **Charlie Chaplin.**
- 13.00 **Carry on Laughing.**
- 13.30 **The Goodies.**
- 14.00 **Wanted Dead or Alive.** Vestras-ería.
- 14.30 **Tónlist og tíska.**
- 15.00 **Dick Turpin.** Ævintýramynd.
- 15.30 **Evrópulístin.** Poppþáttur.
- 16.30 **Íþróttir.**
- 17.30 **Honey West.** Spennumyndaflokkur.
- 18.00 **The Sky's the Limit.** Kvikmynd.
- 19.40 **Celebrity.** Minisería.

Laugardagur 2. september

Stöð 2 kl. 14.30:

Dauði ungbarna

Í dag endursýnir Stöð 2 mjög svo óvenjulega heimildarmynd sem vakti mikla athygli þegar hún var sýnd fyrst. Fjallar myndin um dauða ungbarna, aðallega þeirra sem deyja í fæðingu. Má nefna að í einu atriðinu fylgist sjónvarpsvélinn með fjölskyldu sem handleikur andvana barn sitt og er áhorfandinn vitni að miklu tilfinningaflóði fjölskyldunnar. Það var sérstakur læknahópur sem ráðlagði fjölskyldunni að gera þetta til að aðlaga sig tilfinningalega því að barnið væri dáið.

Einnig er fylgst með Donnun sem varð fyrir miklu áfalli þegar sonur hennar var tekinn andvana og grafinn án þess að hún sæi hann nokkurn tíma. Hafði það mikil áhrif á hana. Þessi dramatíska heimildarmynd vekur upp spurningar um líf og dauða og ekki síst hvernig standa skuli að atburðum af þessu tagi.

-HK

Sjónvarp kl. 21.10:

Gleraugnaglámur

Síðastliðinn laugardag hófst nýr breskur gamanmyndaflokkur sem ber heitið Gleraugnaglámur (Clarence). Það er einn þekktasti gamanleikari Breta, Ronnie Barker, sem fer með aðalhlutverkið, eldri mann sem tekur að sér flutninga fyrir annað fólk. Gallinn við hann er sá að hann sér nánast ekki neitt þótt hann sé með sterk gleraugu. Í fyrsta þættinum hitti hann fyrir þjónustustúlku Jane sem nýbúið var að segja upp störfum. Hún gengur til liðs við hann því betur sjá tvö augu heldur en engin. Fyrsti þátturinn lofaði góðu. Barker ræður vel við farsakennt yfirborð þáttanna.

-HK



Ronnie Barker og Josephine Tewson leika aðalhlutverkin í Gleraugnaglámi.


Rás 1 kl. 16.30 - Leikrit mánaðarins:

Hallsteinn og Dóra

Leikrit mánaðarins að þessu sinni er Hallsteinn og Dóra eftir Einar H. Kvaran í leikstjórn Haraldar Björnssonar. Er upptakan á leikritinu frá 1950.

Leikurinn gerist á fyrri hluta aldarinnar. Aðalpersónan er Hallsteinn, bóndi á Steinastöðum. Hann er hið mesta hörkutól, vinnuharður við hjú sín og á sér það eitt takmark að verða auðugur maður og komast til metorða. Er leikurinn hefst er von á Dóru, ungri vinnukonu sem móðir Hallsteins hefur ráðið til heimilisins. Dóra og Hallsteinn fella hugi saman en ágrind hans og harka leiða hann á ystu nöf.

Leikendur eru Haraldur Björnsson, Þóra Borg, Gunnþórunn Halldórsdóttir, Friðfinnur Guðjónsson, Emelía Borg, Sigrún Magnúsdóttir, Nina Sveinsdóttir, Klemenz Jónsson og Edda Kvaran. Jón Viðar Jónsson flytur formálsorð.



Jerry Reed leikur Snjómanninn, hlutverk sem hann lék einnig í fyrri myndunum tveimur. Hann er hér á myndinni ásamt Coleen Camp.

Stöð 2 kl. 21.45:

Reykur og bófi 3

Reykur og bófi 3 er, eins og nafnið bendir til, þriðja myndin í myndaröðinni um Reyk og bófa. Samt má nú segja sem svo að myndin standi varla undir nafni því Burt Reynolds, sem lék aðalhlutverkið í fyrri myndunum, bregður rétt fyrir í smáhlutverki. Aðalhlutverkið nú er aftur á móti í höndum Jackie Gleason sem í þriðja skiptið endurtekur hlutverk hins seinheppna lögreglustjóra Buford T. Justice.

Eins og í fyrri myndunum byggist myndin á kappakstri í gegnum nokkur fylki í Bandaríkjunum. Nú er sjálfur Buford með í leiknum en hann er nýkominn á eftirlaunaaldurinn en lætur freistast til að flytja fisk fyrir tvo vafasama náunga. Á þur en hann veit af er hann kominn í kappakstur við „Snjómanninn“ og fleiri fyrrverandi ökuníðinga sem hann hafði elst við.

-HK